

**116. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólalatröð 9, Hrafnagilshverfi, miðvikudaginn 24. júní
2026 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Arnar Ólafsson og Jón Ólafur Þorsteinsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ólafur Þorsteinsson, Verkefnisstjóri byggingarmála.

Dagskrá:

1. Tjarnartún 2 - Umsókn um byggingarleyfi - S2606017

Erindi dagsett 18.06.2026 þar sem AB Byggir ehf sækir um byggingaráform og byggingarleyfi/heimild fyrir parhús á lóðinni Tjarnartún 2, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Hjörleif Sigurþórsson.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

2. Bakkatún 10 - Umsókn um byggingarheimild - S2605002

Erindi dagsett 07.05.2026 þar sem Pétur Örn Helgason sækir um byggingaráform og byggingarleyfi/heimild fyrir einbýlishús á lóðinni Bakkatún 10, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Andra Martin Sigurðsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

3. Bakkatún 16 - Umsókn um byggingarleyfi - S2606012

Erindi dagsett 05.06.2026 þar sem Birgir Ingason sækir um byggingaráform og byggingarleyfi/heimild fyrir einbýlishúsi á lóðinni Bakkatún 16, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Yngva Ragnar Kristjánsson.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan í athugasemdalista.

4. Svönulundur - einbýlishús 2021 - 2108007

Erindi dagsett 24.06.2026 þar sem Arna Mjöll Guðmundsdóttir sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum fyrir einbýlishús á lóðinni Svönulundur, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir frá Stefáni Ingólfssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

5. Byggingarleyfi - Syðra-Laugaland 2 L236505 - endurskipulag á mhl. 01 og nýbygging mhl. 02 - 2407006

Erindi dagsett 11.06.2026 þar sem SL2 ehf sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum vegna breytinga á mhl.01 og endurbyggingar á mhl.03 á lóðinni Syðra-Laugaland 2, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Kristinn Ragnarsson.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

6. Nátthagi - Umsókn um byggingarheimild - E2604014

Erindi dagsett 13.04.2026 þar sem Jón Hlynur Sigurðsson sækir um byggingaráform og byggingarleyfi/heimild fyrir breytingu á hluta mínksbúi yfir í frístundarhús á lóðinni Nátthagi, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Kára Magnússon.
Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

7. Hafnarsvæði - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - H2606006

Erindi dagsett 02.06.2026 þar sem Norðursigling hf sækir um stöðuleyfi fyrir Vitann, miðasölu-/fjölnotahús, á hafnarsvæðinu á Hjalteyri.
Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir veitingu stöðuleyfis til 12 mánaða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

Arnar Ólafsson

Jón Ólafur Þorsteinsson